
48. Orri Páll Jóhannsson (Spøragsmál)

Forseti. Í samhengi efnis fundarins langar mig að beina spurningu minni til færeyska ráðherrans varðandi framtíð norræns samstarfs og endurskoðun Helsingfors-samningsins. Við Íslendingar, lítið land, fögnum 80 árum af sjálfstæði á þessu ári. Kynslóðunum sem fæddar voru í konungsríkinu Danmörku fer því eðli málsins samkvæmt fækkandi en skilningurinn á mikilvægi þess að vera sjálfstæð þjóð er engu minni hjá okkur sem yngri erum. Við leggjum líka mikla vigt á norrænt samstarf, berum okkur saman við hinar frændþjóðirnar, viljum tilheyra þeim og, leyfi ég mér að segja, getum ekki án þess verið.

Mig langar því að spyrja færeyska ráðherrann eða lögmanninn hver hans afstaða er til þess að breytingar á Helsingfors-sáttmálanum nái fram að ganga svo Færeyjar, Grænland og Álandseyjar teljist fullgildir meðlimir í norrænu samstarfi. Hvað má það taka langan tíma að breyta sáttmálanum að mati lögmannsins?

Skandinavisk översättning

President! I och med temat för mötet skulle jag vilja rikta en fråga till den färöiska ministern gällande det nordiska samarbetets framtid och revisionen av Helsingforsavtalet. Vi islänningar, en liten nation, firar i år landets 80 år som självständig republik. De generationer som är födda i kungariket Danmark håller därför på att försvinna så småningom, men förståelsen för hur viktigt det är att vara en självständig nation är lika stor hos oss som tillhör yngre generationer. Vi lägger också stor vikt vid nordiskt samarbete,

vi jämför oss med våra brödrafolk, vill tillhöra dem och, tillåter jag mig att säga, kan inte vara utan detta samarbete.

Jag skulle därför vilja fråga den färöiska ministern eller lagmannen om hans inställning till en revision av Helsingforsavtalet som skulle innebära att Färöarna, Grönland och Åland skulle räknas som fullvärdiga medlemmar av det nordiska samarbetet. Hur lång tid får arbetet med en sådan revision ta, enligt lagmannens mening?

Information

Tal nummer

48

Typ

Spørgsmål

Person

[Orri Páll Jóhannsson](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

29.10.24 15:57